

Hafrannsóknastofnun – rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna og SFR –
Stéttarfélag í almannajónustu gera með sér eftirfarandi samkomulag sem er hluti af
kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með gildistöku frá 1. október
2015. Samkomulag þetta gildir frá og með 1. júní 2017.

1. Gildissvið og gildistími

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Hafrannsóknastofnun – rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna (hér eftir kallað Hafrannsóknastofnun). Þessi samningur gildir frá og með 1. júní 2017.

2. Markmið

Aðilar samningsins eru sammála um að markmið hans er að styrkja starfsemi stofnunarinnar þegar til lengri tíma er lítið og skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna.

3. Starfaflokkun og röðun starfa

Grunnröðun

Störf ákvarða röðun í launaflokka, slík greining byggir á starfsgreiningu. Við röðun starfa í samræmi við ákvarðið samkomulags þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkefni. Raða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Því til viðbótar koma **persónubundnir þættir** sem ráðast af hæfni þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Ák vörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi visireglu gagnvart starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

4. Starfsheiti

Rannsóknamaður 1, Launaflokkur 10

Rannsóknamaður í sumarafleysingum.

Rannsóknamaður 2 ; Launaflokkur 12

Rannsóknamaður án starfsreynslu sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna. Eftir 9 mánaða starfsreynslu raðist starfsmaður í Rannsóknamaður 3.

Rannsóknamaður 3 ; Launaflokkur 14

Rannsóknamaður sem annast gagnasöfnun, úrvinnslu sýna eða úrvinnslu gagna sem krefst sérþekkingar.

Rannsóknamaður 4 ; Launaflokkur 16

Rannsóknamaður sem annast og ber ábyrgð á gagnasöfnun, úrvinnslu sýna eða úrvinnslu gagna.

Rannsóknamaður 5 ; Launaflokkur 20

Rannsóknamaður sem annast og ber ábyrgð á sérhæfðum umfangsmiklum verkefnum, umsjón sérhæfðs tækjabúnaðar eða ábyrgð á vinnu annarra rannsóknamanna.

Rannsóknamaður 6; Launaflokkur 23

Rannsóknamaður sem skipuleggur og annast sjálfstætt gagnasöfnun, úrvinnslu sýna, varðveislu gagna og skýrsluskrif.

Rannsóknamaður 7; Launaflokkur 27

Rannsóknamaður sem skipuleggur, stýrir og samhæfir umfangsmikil verkefni (verkefnastjóri).

Skrifstofumaður 1; Launaflokkur 10

Skrifstofumaður í sumarafleysingum.

Skrifstofumaður 2 ; Launaflokkur 12

Skrifstofumaður án starfsreynslu í almennri afgreiðslu og skrifstofustörfum. Eftir 9 mánaða starfsreynslu raðist starfsmaður í Skrifstofumaður 3.



Skrifstofumaður 3; Launaflokkur 14

Skrifstofumaður sem sinnir almennum skrifstofustörfum.

Skrifstofumaður 4; Launaflokkur 16

Skrifstofumaður sem ber ábyrgð á og skipuleggur sérhæfð skrifstofustörf.

Skrifstofumaður 5; Launaflokkur 20

Skrifstofumaður sem ber ábyrgð á umfangsmiklum sérhæfðum skrifstofustörfum, umsjón og ábyrgð tækjabúnaðar eða ber fjárhagslega ábyrgð á einstökum verkefnum.

Skrifstofumaður 6; Launaflokkur 23

Skrifstofumaður í bókhaldi, launavinnslu, gjaldkerastarfi eða mjög sérhæfðu starfi undir stjórn annarra.

Skrifstofumaður 7; Launaflokkur 27

Sérhæfður skrifstofumaður sem ber ábyrgð á umfangsmiklu verkefni, bókhaldi, launavinnslu eða gjaldkerastörfum.

5.1. Persónubundnir þættir

Við röðun starfsmanna í álagsþrep skal taka tillit til eftirfarandi persónubundinna þátta varðandi mat á hæfni og frammistöðu þeirra:

1. Trygð við stofnun (starfsaldur).
2. Sveigjanleiki (tilbúin að fara í ný verkefni).
3. Sérstök fagreyksla (kemur inn með ákveðna þekkingu).
4. Sýnir áhuga, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
5. Áhætta í starfi, t.d. vinna úti á sjó, við ár og vötn, meðferð heilsuspillandi efna.
6. Fjölhæfni, getur sinnt fleira en einu verkefni.
7. Starfar vel í hópi, sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
8. Markaðsálag eða eftirspurnarálag.

5.2. Tímabundnir þættir

Meta skal tímabundna þætti til röðunar í álagsþrep. Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, álag eða ábyrgð en gert er ráð fyrir á verkefni hans, skal hann fá hækkingu launa meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 24 mánuði samfleytt á þessum kjörum verða þau varanleg. Við mat á tímabundnum þáttum skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Innleiðing breyttra starfshátta/verkefna
- Nýir og breyttir starfshættir
- Leiðsögn nýrra starfsmanna/sumarstarfsmanna
- Sérstakt ófyrirséð álag og erfiðleikastig
- Tímabundin aukin ábyrgð

6.1. Símenntun

Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun stofnunar, skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað (skv. ákvæðum 5.kafla kjarasamnings dags. 1.10 2015).

Starfsmaður skal að loknum framangreindum námskeiðum hækka í launum sem hér segir:

1. starfsmaður skal, þegar 60 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.
2. starfsmaður skal, þegar 120 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.
3. starfsmaður skal, þegar 200 klukkustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.

Handwritten signature and initials in blue ink, including the letters "EN" at the bottom.


6.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur eða affar sér framhaldmenntunir sem nýtist í starfi og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnriðun starfsins skal bækkun um launaflokka sem hér segir:

- lokið eins vetra námi, bækkun um 1 launaflokk.
- lokið tveggja vetra námi, bækkun um 1 launaflokk til viðbótar.
- lokið þriggja vetra námi, bækkun um 1 launaflokk til viðbótar.


Reykjavík 15.maí 2017

**l.h. Hafrannsóknastofnunar -
rannsókn- og ráðgjafarstofnunar
hafs og vatna**



Kristín Helgadóttir

**l.h. SFR Stéttarfélags í
almannaþjónustu**



Eyborg Jóhannsdóttir
Eydis Njardardóttir

Viðauki 1

Hafrannsóknastofnunar

og

SFR – Stéttarfélag í almannajónustu

Aðilar eru sammála um að bæta við viðauka sem verður hluti af stofnanasamningi. Viðaukinn byggir á samningi sem gerður var í mars 2017 við starfsmenn Hafrannsóknastofnunar sem eru í FÍN.

Umbun vegna sérstakra tímabundinna starfstengdra þátta


Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna.

Greiðslur fyrir afkastahvetjandi þætti (1.1-1.3), munu fara fram á útborgunardegi þess launatímabils sem ritgerð, fyrirlestur eða kynning er birt eða framkvæmd annarra neðangreindra þátta er lokið.

1.1. Sérstök þóknun fyrir ritstörf

Fyrir ritgerðir sem ritaðar eru að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunar er greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi. Greiðsla til starfsmanns er m.v. yfirvinnutaxta viðkomandi ásamt orlofi, í samræmi við það sem hér segir:

- A. Greitt er fyrir höfundarmerкта grein eða skýrslu. Fyrir greinar í innlend tímarit og greinar í Haf- og vatnarannsóknir er greitt:
 - Fyrir stuttar greinar og skýrslur alls 10 yfirvinnutímar,
 - Fyrir miðlungsstórar greinar og skýrslur alls 20 yfirvinnutímar
 - Fyrir umfangsmiklar greinar og skýrslur alls 30 yfirvinnutímar
 - Fyrir viðamiklar yfirlitsgreinar eða samantektir langtímarannsókna 30-50 yfirvinnutímarEkki er þó greitt fyrir almenna kafla sem ekki eru höfundarmerktir svo sem í vistfræðiskýrslu eða framlag í skýrslu um ástand nytjastofna.
- B. Fyrir bókarkafla, ritstjórn á fræðibók, grein í ritrýndu innlendu riti (t.d. Náttúrufræðingurinn), erlendu ráðstefnuriti þar sem ritrýni er ekki sambærileg við það sem gerist í venjulegum vísindaritum, stuttar erlendar greinar (short notes, short communications), og fyrir ritstjórn vinnunefndarskýrslu á alþjóðavettvangi eru greiddir 50 yfirvinnutímar.
- C. Fyrir bók, fræðirit og hverja grein í ritrýndu erlendu vísindariti, 3 bls. eða lengri, einnig stuttar greinar í Nature og Science eru greiddir 80 yfirvinnutímar fyrir viðaminni greinar en 100 yfirvinnutímar fyrir viðameiri greinar.

SFR
GE

KH
EN

Greitt verður fyrir ritsmiðar í hlutfalli við höfundafjölda samkvæmt eftirfarandi:

- Tveir höfundar: fyrsti höfundur 60%; annar höfundur 40%.
- Þrír höfundar eða fleiri: fyrsti höfundur 50% og afgangur skiptist jafnt milli meðhöfunda.

Heimilt er að skipta hlutfalli á greiðslum með öðrum hætti sé samkomulag um það milli höfunda, þ.e. séu fleiri en einn sem koma að kynningu eða öðru því sem að öfán greinir skal tímafjöldi deilast niður eftir skriflegu samkomulagi hlutaðeigandi.

1.2. Þóknun vegna fyrirlestra

Fyrir fyrirlestra sem fluttir að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra og eru um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunar skal greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi til samræmis við það sem hér segir:

- | | |
|---|----|
| • Inngangsfyrirlestur á ráðstefnu | 15 |
| • Erindi / fyrirlestur á ráðstefnu | 10 |
| • Erindi á smærri málþingum, málstofu og vinnusmiðjum | 5 |


1.3. Þóknun vegna veggspjalda

Fyrir veggspjöld um málefni á starfssviði Hafrannsóknastofnunar og eru gerð að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra skal greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi til samræmis við það sem hér segir:

- | | |
|---|---|
| • Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu | 8 |
| • Veggspjaldakynning á fræðslufundum | 4 |


Reykjavík 15.maí 2017

f.h. Hafrannsóknastofnunar -
rannsókn- og ráðgjafarstofnunar
hafs og vatna



Kristín Helgadóttir

f.h. SFR Stéttarfélags í
almannajónustu



Eydis Njardardóttir

